

Ed.

282. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á 2. gr. vegalaga nr. 41, 4. júní 1924, er gerð þessi breyting:

I. Við A.

1. Á eftir tölul. 2 kemur nýr liður:

Laugardalsvegur: Frá vegamótum hjá Svínavatni að Laugarvatni.

2. Á eftir tölul. 4 kemur nýr liður:

Gnúpverjabraut frá Laxárholti (Stóru-Laxárbrú) hjá Geldingaholti til fyrirhugaðs brúarstæðis á Þjórsá hjá Þjórsárholti.

II. Við B.

1. Á eftir tölulið 2 koma nýir liðir:

- a. Vegur frá Hvítárbrú vestan Hafnarfjalls að Akranesi.
- b. Vegur frá Kláffossbrú um Reykholtisdal og Hálsasveit um Húsafell að Kaldadal.

2. Á eftir tölul. 3 koma nýir liðir:

- a. Snæfellsnesbraut frá vegamótum austan Straumfjarðarár um Staðarsveit, Breiðuvík og Hellisand til Ólafsvíkur.
- b. Eyrarsveitarvegur frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit að Búlandshöfða.
- c. Skógarstrandarvegur frá Skildi í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

III. Við C.

Aftan við tölul. 2 koma nýir liðir:

- a. Vegur frá Skagastrandarvegi, fyrir sunnan Litla-Enni, norður að Blönduósbyggju.
- b. Vegur frá Hlíðarhólum, um fyrirhugaða brú á Blöndu að Svínavatni.

IV. Við D.

Á eftir tölul. 4 kemur nýr liður:

Jökuldalsvegur, frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum upp Jökuldal yfir Gilsárbrú.